



Handbók

# LANIS

Skimun fyrir  
tal- og málproska



Miðstöð menntunar  
og skólaþjónustu

## LANIS Skimun fyrir tal- og málþroska þriggja ára barna

ISBN 978-9979-0-3729-3

2026 © Jóhanna Thelma Einarsdóttir, Þóra Másdóttir,  
Þóra Sæunn Úlfisdóttir, Signý Gunnarsdóttir og Patrekur Gestsson

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og námsleið  
í talmeinafræði við Háskóla Íslands

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2026  
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu



Í handbókinni er að finna mikilvægar upplýsingar um LANIS, sem er skimun fyrir tal- og málþroska þriggja ára barna. Þar er meðal annars fjallað um hagnýtar upplýsingar um útfyllingu listans bæði fyrir eintyngd og fjöltyngd börn, hvernig túlka skuli niðurstöður og í hvaða tilfellum þurfi íhlutun í kjölfar fyrirlagnar. Lestur handbókarinnar eykur líkur á réttmætri útfyllingu og túlkun niðurstöðu og tryggir sameiginlega sýn leikskóla á tilgang skimunarinnar. Ítarlegri handbók um þróun og stöðlun listans er væntanleg.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla upplýsi Miðstöð menntunar og skólaþjónustu ef það telur að upplýsingar skorti í handbókina. Hægt er að senda póst á [hjalp@midstodmenntunar.is](mailto:hjalp@midstodmenntunar.is)

## Útfylling á LANIS

LANIS er ætlað að finna börn á aldrinum 2;9–3;9 ára sem kunna að vera með frávik í málþroska og þurfa sérstaka athygli. LANIS samanstendur af tveimur eins listum: annar er ætlaður leikskólakennurum en hinn foreldrum (forsjáraðilum). Kennari fyllir út sinn lista og foreldri fyllir út sinn lista og eru niðurstöður þeirra svo bornar saman, enda er örvun málþroska barnanna sameiginlegt verkefni beggja. Mikilvægt er að þau sem þekkja barnið best fylli listann út eftir bestu vitund. Í þeim tilvikum þar sem leikskólakennari er ekki til staðar getur annað starfsfólk leikskólans sem þekkir barnið best fyllt listann út. Til einföldunar verður hér eftir talað um leikskólakennara, þar sem ekki er mælt með að annað starfsfólk fylli listann út nema í undantekningartilfellum.

### Fyrirkomulag

Listinn er fylltur út í tengslum við foreldraviðtöl. Lagt er til að unnið sé eftir eftirfarandi fyrirkomulagi:

1. Foreldrar fá listann afhentan í tengslum við foreldraviðtal.
2. Leikskólakennarar fylla út sinn lista áður en farið er yfir foreldralistann; þetta takmarkar áhrif niðurstöðu foreldra á mat kennara.
3. Foreldrar mæta með útfylltan lista í leikskólann innan við tveimur vikum eftir að hafa fengið hann afhentan.
4. Kennari reiknar út niðurstöður beggja lista og undirbýr foreldraviðtal.
5. Foreldrar og kennari ræða saman hvernig þeir fylltu út einstaka atriði og hvar barnið stendur í mismunandi þáttum málþroskans.

Listinn er í þremur þáttum sem kanna notkun og formgerð tungumálsins (setningafræði og orðhlutafræði) auk merkingar og skiljanleika tals. Fjórti þátturinn, sem snýr að framburði einstakra hljóða og hljóðasambanda, er enn í vinnslu. Kennarar og foreldrar geta fyllt hann út til að fá upplýsingar um færni barnsins en ekki eru enn til stöðluð viðmið til að styðjast við.

## Liður 1–15 á LANIS

### Liður 1: Hver fyllir listann út?

Hér er hakað við hver fyllir listann út. Mælt er með að sá einstaklingur sem þekkir barnið best fylli listann út.

### Liður 2: Mál- og talþroski

15 fullyrðingar þar sem hakað er við rétt eða ekki rétt. Ef foreldri eða kennari er ekki viss er mikilvægt að fylgja innsæinu.

### Liður 3: Aðrar áhyggjur af mál- og talþroska

Hægt er að bæta athugasemdum við ef spurningar vakna varðandi mál- og talþroska barnsins og ef eitthvað er óljóst.

### Liður 4: Orð

Listi með 60 orðum. Merkt við öll orð sem barnið hefur sagt í einhverri mynd (dæmi: ef það hefur sagt *róleg* en ekki *rólegur* er merkt við orðið).

### Liður 5: Skiljanleiki tals

Sjö spurningar um hversu vel foreldrar og aðrir viðmælendur skilja tal barnsins. Merkt er við alltaf (5), oftast (4), stundum (3), sjaldan (2) eða aldrei (1) eftir innsæi. Skilningur á tali í samhengi (Intelligibility in Context Scale; ICS) er vel rannsakaður kvarði sem þýddur hefur verið á fjölmörg tungumál, sjá nánar [hér](#).

### Liður 6: Framburður

Listi með tíu orðum sem snýr að því að kanna framburð ákveðinna hljóða og hljóðasambanda (markhljóð) sem gefin eru í fremsta dálkinum. Í dálki tvö eru gefin dæmi um orð með þessu hljóði eða hljóðasambandi og merkt er við hvort barnið geti sagt hljóðið eða ekki. Dæmi eru uppgefin um hvernig barnið gæti sagt orðið ef það á enn eftir að tileinka sér markhljóðið.

### Liður 7: Aðrar áhyggjur af framburði

Hægt er að bæta við athugasemdum ef spurningar vakna varðandi framburð barnsins og ef eitthvað er óljóst.

### Liður 8–15: Bakgrunnur, tungumál og stam

Að lokum er spurt hvaða tungumál barnið talar og heyrir heima og í leikskóla, hvort áhyggjur eru af öðrum þroskatengdum þáttum og hvort barnið stamar eða hefur stamað.

## Fjöltyngi – íslenska í leikskóla og annað heimamál

Athugið að LANIS spurningalistinn er eingöngu staðlaður á íslensku. Þýðingarnar eru ætlaðar sem stuðningur fyrir kennara til að fá upplýsingar um stöðu í heimamáli.

Ef um fjöltyngt barn er að ræða er lagt til að leikskólakennari finni þýðingu á LANIS á viðeigandi tungumáli og afhendi foreldrum. Sjá eftirfarandi tillögur að fyrirkomulagi:

1. Foreldrar fylla listann út á heimamálinu ef þýðing er til (sjá skorblöð) og leikskólakennari fyllir listann út til að skoða þekkingu barnsins á íslensku.
2. Ef þýðing á heimamáli er ekki til er mælt með að foreldrar nýti sér þá lista sem þeir treysta sér til að fylla út til að kanna þekkingu í heimamáli, t.d. á íslensku, ensku eða öðru tungumáli. Einnig er hægt að óska eftir þýðingu hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu með því að senda tölvupóst á [hjalp@midstodmenntunar.is](mailto:hjalp@midstodmenntunar.is)
3. Leikskólakennari fyllir út sinn lista áður en foreldrar skila inn sínum lista. Þetta er gert til að takmarka áhrif niðurstöðu foreldra á mat kennara.
4. Foreldrar mæta með útfylltan listann á heimamáli í leikskólann.
5. Kennari reiknar út niðurstöður, ber listana saman og undirbýr foreldraviðtal.
6. Leikskólakennari og foreldrar fara sameiginlega yfir niðurstöðurnar.

## Niðurstöður og túlkun þeirra

Niðurstöður LANIS-skimunarlistans eru settar fram í mælitölum með skýrri lýsingu á stöðu barns miðað við jafnaldra. Túlkunin byggir á þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi er um að ræða niðurstöður sem sýna að barn þurfi á markvissri íhlutun að halda, í öðru lagi niðurstöður þar sem mælt er með að fylgst sé vel með framvindu málþroska barnsins og í þriðja lagi börn sem eru með málþroska í samræmi við meðalgetu jafnaldra eða betri. Niðurstöður eru settar fram eftir aldri barnsins á þremur aldursbilum: 2;9–3;0 ára, 3;1–3;4 ára og 3;5–3;9 ára.

## Mál- og talþroski

Mál- og talþroski barnsins er metinn með 15 atriðum. Merkt er við annaðhvort rétt eða rangt. Þess þarf þó að gæta að 13 atriði gefa stig þegar merkt er við **rétt** og 2 atriði gefa stig þegar merkt er við **ekki rétt**. Mest er hægt að fá 15 stig. Teljið saman og skráið stig í lituðum reitum. Listinn var hannaður til að finna börn í áhættu og þess vegna ráða flest börn við öll atriðin í þessum hluta. Mismunandi viðmið eru fyrir leikskólakennara og foreldra, þar sem niðurstöður stöðlunarinnar sýndu að þessir hópar voru ekki algjörlega sammála í mati á málþroska barnsins. Foreldrar voru öllu jákvæðari hvað varðar málþærni eigin barna.

Tafla 1. Viðmið fyrir mál- og talþroska

	Foreldrar			Leikskólakennarar		
	2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9	2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9
1	1	1	1	1	1	1
2	2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	3	3	3
4	4	4	4	4	4	4
5	5	5	5	5	5	5
6	6	6	6	6	6	6
7	7	7	7	7	7	7
8	8	8	8	8	8	8
9	9	9	9	9	9	9
10	10	10	10	10	10	10
11	11	11	11	11	11	11
12	12	12	12	12	12	12
13	13	13	13	13	13	13
14	14	14	14	14	14	14
15	15	15	15	15	15	15

### Dökkfjólublár – barn í mikilli áhættu (1–15%)

Ef barn er á dökku svæði þarf að bregðast við með markvissri íhlutun bæði í leikskóla og heima. Ef það er samdóma álit foreldra og kennara að lítið eða ekkert hafi breyst eftir 6–8 vikna íhlutun skal foreldrum bent á að sækja ráðgjöf og stuðning í samvinnu við skólajónustu og/ eða talmeinafræðinga.

### Fjólublár – barn undir meðallagi (16–40%)

Barn á þessu bili er í áhættuhópi en ekki með augljósan vanda. Mikilvægt er að vera vakandi yfir málþroska barnsins og skapa ríkulegt málumhverfi.

### Ljós fjólublár – barn í og yfir meðallagi (41–100%)

Ekki er talin þörf á skipulagðri íhlutun. Málþroski fylgir málþroska jafnaldrar. Foreldrar eru hvattir til að halda áfram góðum málörvandi samskiptum og lestri.

## Orð

Í þættinum *Orð* er listi 60 orða sem barnið gæti notað. Merkja á við þau orð sem talið er að barnið hafi sagt eða notað á viðeigandi hátt í einhverri mynd og þau orð talin saman. Síðan er flett upp í töflunni hér að neðan. Athugið að miðað við niðurstöður úr stöðluninni telja foreldrar að börnin kunni fleiri orð en kennararnir. Því eru mismunandi viðmið fyrir foreldra og leikskólakennara eins og í fyrsta þætti LANIS. Dreifing svara er ekki eins skekkt og í fyrsta þætti LANIS og ekki alveg samhljómur á þáttunum tveimur. Því þarf ekki að vera að barn sem kemur út í mikilli áhættu í mál- og talþroska sé einnig í mikilli áhættu í orðaforða.

Tafla 2. Viðmið fyrir orð

Foreldrar			Leikskólakennarar		
2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9	2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9
<26	<26	<26	<26	<26	<26
27	27	27	27	27	27
28	28	28	28	28	28
29	29	29	29	29	29
30	30	30	30	30	30
31	31	31	31	31	31
32	32	32	32	32	32
33	33	33	33	33	33
34	34	34	34	34	34
35	35	35	35	35	35
36	36	36	36	36	36
37	37	37	37	37	37
38	38	38	38	38	38
39	39	39	39	39	39
40	40	40	40	40	40
41	41	41	41	41	41
42	42	42	42	42	42
43	43	43	43	43	43
>44	>44	>44	>44	>44	>44

### Dökkfjólublár – barn í mikilli áhættu (1–15%)

Ef barn er á dökku svæði þarf að bregðast við með markvissri íhlutun bæði í leikskóla og heima. Ef það er samdóma álit foreldra og kennara að lítið eða ekkert hafi breyst eftir 6–8 vikna íhlutun skal foreldrum bent á að sækja ráðgjöf og stuðning í samvinnu við skólaþjónustu og/ eða talmeinafræðinga.

### Fjólublár – barn undir meðallagi (16–40%)

Barn á þessu bili er í áhættuhópi en ekki með augljósan vanda. Mikilvægt er að vera vakandi yfir málþroska barnsins og skapa ríkulegt málumhverfi.

### Ljósfjólublár – barn í og yfir meðallagi (41–100%)

Ekki er talin þörf á skipulagðri íhlutun. Málþroski fylgir málþroska jafnaldra. Foreldrar eru hvattir til að halda áfram góðum málörvandi samskiptum og lestri.

## Skiljanleiki tals barna

Mikilvægt er að skráð sé tala við allar sjö spurningarnar. Ekki er hægt að fá áreiðanlega niðurstöðu nema það sé gert. Tölur spurninganna eru því næst lagðar saman. Mest er hægt að fá 35 stig, en þá hefur verið merkt við 5 fyrir allar spurningarnar. Eins og áður voru niðurstöður foreldra og leikskólakennara í stöðlun á LANIS ekki alveg samhljóma og því eru mismunandi viðmið. Í þessum þætti voru leikskólakennarar öllu jákvæðari og töldu að tal barnsins væri skiljanlegra en það sem foreldrar mátu.

Tafla 3. Viðmið fyrir Skilningur á tali í samhengi.

	Foreldrar			Leikskólakennarar		
	2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9	2;9–3;0	3;1–3;4	3;5–3;9
<20	<20	<20	<20	<20	<20	<20
21	21	21	21	21	21	21
22	22	22	22	22	22	22
23	23	23	23	23	23	23
24	24	24	24	24	24	24
25	25	25	25	25	25	25
26	26	26	26	26	26	26
27	27	27	27	27	27	27
28	28	28	28	28	28	28
29	29	29	29	29	29	29
>30	>30	>30	>30	>30	>30	>30

### Dökkfjólublár – barn í mikilli áhættu (1–15%)

Ef barn er á dökku svæði þarf að bregðast við með markvissri íhlutun bæði í leikskóla og heima. Ef það er samdóma álit foreldra og kennara að lítið eða ekkert hafi breyst eftir 6–8 vikna íhlutun skal foreldrum bent á að sækja ráðgjöf og stuðning í samvinnu við skólaþjónustu og/ eða talmeinafræðinga.

### Fjólublár – barn undir meðallagi (16–40%)

Barn á þessu bili er í áhættuhópi en ekki með augljósan vanda. Mikilvægt er að vera vakandi yfir málþroska barnsins og skapa ríkulegt málumhverfi.

### Ljósfjólublár – barn í og yfir meðallagi (41–100%)

Ekki er talin þörf á skipulagðri íhlutun. Málþroski fylgir málþroska jafnaldra. Foreldrar eru hvattir til að halda áfram góðum málörvandi samskiptum og lestri.

## Framburður

Þessum þætti er ólokið og gagnaöflun enn í gangi. Ef áhyggjur vakna af framburði barns er mælt með að útkoma úr kvarðanum *Skiljanleiki tals* barna sé skoðuð (sjá nánar í kaflanum hér að ofan). Gagnlegt getur þó verið að fylla út þennan þátt til að átta sig á hvaða hljóð eða hljóðasamband væri gott að vinna með.

## Fjöltyngi: Samanburður á niðurstöðum á heimamáli og íslensku

**Tal- og málproski:** Hér á að bera saman hvert atriði fyrir sig, þ.e. hvernig merkt er við barnið á heimamálinu og hvernig merkt er við barnið á íslensku. Skoðið sérstaklega þætti sem reyna á beygingar og setningafræði og þætti sem reyna á málnotkun. Á meðan ekki eru til viðmiðunartöflur fyrir önnur mál en íslensku verður að styðjast við íslensku viðmiðin fyrir bæði eða öll tungumál sem barnið talar.

**Orð:** Berið saman hvert atriði og skoðið sérstaklega sagnorð, lýsingar- og áhersluorð og annað. Nafnorð eru frekar bundin nánasta umhverfi barnsins. Þegar stigin eru talin saman er annars vegar talið hversu mörg orð barnið kann í báðum tungumálum og hins vegar hversu mörg orð barnið kann í hvoru tungumáli fyrir sig. Til að skoða heildarorðaforða barns þarf að rýna í orðin sem barnið segir og notar á hvoru tungumáli fyrir sig. Gefið er stig fyrir hvert orð sem barnið þekkir og er þá sama á hvoru málinu það er. Ef barnið þekkir *blár* á einu tungumáli og *blautur* á öðru tungumáli fær það tvö stig. Ef barnið þekkir hins vegar *bók* á báðum tungumálum fær það eitt stig. Ef heildarorðaforði er undir viðmiðum fyrir eintyngda jafnaldra þarf barn aukið orðaforðailag á báðum tungumálum, þar sem foreldrar sjá um að sinna heimamálinu og leikskólinn íslenskunni.

**Skiljanleiki tals:** Foreldrar fylla út ICS-kvarða heimamálsins en leikskólakennari fyllir út íslenska listann. Síðan ræða kennarar og foreldrar saman um skiljanleika tals á báðum tungumálum og um málstefnu fjölskyldunnar, sjá hér að neðan. ICS-kvarðinn er til á fjölmörgum tungumálum, sjá [hér](#).

**Framburður:** Athugið að ekki er hægt að afla upplýsinga um framburð barns á stökum hljóðum og hljóðasamböndum á heimamáli en kennarar geta fyllt út og fengið upplýsingar um framburð barnsins á íslensku. Það er þá hægt að vinna með þau hljóð og hljóðasambönd sem vantar upp á í íslensku í leikskólanum.

## Málstefna á heimilum fjöltyngdra barna


Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla ræði málstefnur við fjölskyldur fjöltyngdra barna. Hvaða mál er/eru notað/notuð heima? Ef báðir foreldrar nota sama tungumál mun barnið ná tökum á því í samræmi við samskipti foreldra við börnin sín. Dæmigert fjöltyngt barn er lengur að læra hvort tungumál fyrir sig vegna þess að það er að læra tvö eða fleiri tungumál á sama tíma. Ef foreldrar tala fleiri en eitt tungumál mun barnið læra þau í samskiptum við hvort foreldri fyrir sig. Þriðja eða fjórða tungumálið sem börn takast á við er oft enska. Börn læra þau tungumál sem þau heyra í daglegu lífi í samræmi við hversu mikla málörvun þau fá í hverju tungumáli fyrir sig. Börn sem horfa mikið á YouTube eða aðra netmiðla eru oft byrjuð að skilja og tala ensku. Hafa þarf í huga að slíkt ílag getur tekið tíma frá hinum tungumálunum og hægt á tileinkun heimamála og íslensku. Til að barn nái góðri færni í tungumáli þarf það að dvelja um 40–60% af vökutíma sínum í því máli. Það gefur því auga leið að barn getur ekki verið jafnvígt á þremur til fjórum tungumálum. Einnig er það mikill misskilningur að ung börn geti áreynslulaust tileinkað sér nokkur tungumál án sérstakrar málörvunar.

Ræða þarf við foreldra um mikilvægi þess að börn nái góðum tökum á íslensku, þar sem allt nám fer fram á íslensku í íslensku skólakerfi. Börn sem eiga foreldra sem eru jákvæðir gagnvart íslensku ná betri færni í íslensku. Foreldrar sem bjóða íslenskuna velkomna inn á heimilið með því að læra orð og setningar á íslensku, nýta sér íslenska miðla og horfa á sjónvarpsefni á íslensku eru góðar fyrirmyndir fyrir börnin sín.

## Íhlutun í kjölfar LANIS

Eftir útfyllingu á LANIS þarf að fara yfir niðurstöður með foreldrum. Viðmið úr töflum LANIS hjálpa til við að sýna stöðu barnsins miðað við jafnaldra. Mikilvægt er að leikskólakennarar miðli niðurstöðum skimunar til foreldra á skýran og uppbyggilegan hátt. Foreldrar þurfa að fá upplýsingar sem gera þeim kleift að skilja stöðu barnsins og hvernig þeir geta stutt við málþroska þess í daglegu lífi. Ef foreldrar og kennarar eru ósammála skal hafa í huga að foreldrar telja yfirleitt að barnið sé með betri færni í tungumálinu en leikskólakennarar. Í samræðum við foreldra er best að einbeita sér að því sem foreldrar og leikskólakennarar eru sammála um og skoða jafnframt hvernig hægt er að styðja við barnið.

### Yfirlit yfir viðbrögð í kjölfar útfyllingar LANIS-skimunarlistans



## Börn í og yfir meðallagi (41–100%)

Ef barn er á ljósfjólubláa svæðinu þarf það ekki á sérstakri íhlutun að halda. Málþroski barnsins fylgir málþroska jafnaldra. Foreldrar eru hvattir til að halda áfram góðum málörvandi samskiptum og lestri í daglegu lífi.

## Börn undir meðallagi (16–40%)

Í samtali við foreldra er mikilvægt að leggja áherslu á málörvun heima, bæði í daglegum samskiptum og með daglegum lestri. Á heimasíðunni [www.talmal.hi.is](http://www.talmal.hi.is) er að finna hugmyndir um hvernig styrkja má samskipti, til dæmis með því að vera góð mál-fyrirmynd, setja orð á athafnir og fylgja frumkvæði barnsins. Magn (það að tala mikið við barnið) skiptir miklu máli, svo og að endurtaka aftur og aftur orðin sem er verið að vinna með. Leikskólakennarar geta sett saman orðalista (í samráði við foreldra) sem unnið verður með heima og í leikskólanum. Daglegur lestur fyrir barnið styrkir orðaforða, málskilning og hljóðkerfisvitund auk þess að efla tengsl foreldra og barns.

## Börn í mikilli áhættu (1–15%)

Leikskólinn gerir áætlun til 6–8 vikna í samvinnu við foreldra þar sem barnið fær annað hvort sérstaka málörvun í hópi eða einstaklingsmiðaða áætlun. Íhlutunin þarf að vera vel skipulögð, markviss og tíð (10–20 mínútur, 4–5 sinnum í viku).

Á miðju tímabili (eftir 3–4 vikur) þurfa þau sem sinna íhlutuninni að hittast og meta hvort barnið er að ná árangri. Ef framfarir eru merkjanlegar (t.d. notar ný orð, sýnir bókum meiri áhuga, tengist jafnöldrum betur) má halda áfram á sömu braut. Ef framfarir eru litlar eða engar þarf að endurskoða íhlutunina, þar sem verkefnin hafa hugsanlega verið of létt eða of þung.

Allt starfsfólk deildarinnar þarf að koma að málörvun barnsins en gott er að einn ákveðinn starfsmaður sé ábyrgðaraðili. Mikilvægt er að fleiri en einn komi að íhlutuninni svo að hún falli ekki niður við fjarvistir. Hvetja þarf allt starfsfólk til að nota gæðamálörvunaraðferðir í daglegu starfi. Það eru aðferðir eins og að vera góð mál-fyrirmynd, setja orð á athafnir og hluti, endurtaka leiðrétt (e. recasting), endurtaka og lengja setningar barnsins og gefa barninu tíma til að tjá sig, sjá [www.talmal.hi.is](http://www.talmal.hi.is) Mikilvægt er að starfsfólk tileinki sér þessar aðferðir í daglegum samskiptum og bendi foreldrum á þessar leiðir. Miklu máli skiptir að huga að góðum samskiptum við barnið, tala oft við það og endurtaka aftur og aftur orð og hugtök sem verið er að vinna með.

## **Stam**

Stam er truflun á talflæði sem getur lýst sér með festingum, lengingum eða endurtekningum á hljóðum og orðum (t.d. „kkkkk-aka“, „mig...mig...mig“). Langflest börn sem byrja að stama á leikskólaaldri hætta eftir nokkurn tíma. Hjá nokkrum börnum verður stamið þrálátt. Líkur á því aukast eftir því sem stam barnsins hefur varað lengur og einnig ef það er algengt í ætt barnsins.

Ef barn á aldrinum 3–6 ára hefur stamað í sex mánuði eða lengur, eða ef stamið er alvarlegt, skal vísa því til talmeinafræðings. Einnig ef foreldrar hafa áhyggjur af stami barnsins.

**Ítarlegri handbók um þróun og stöðlun listans er væntanleg.**